

Jafnréttisáætlun Snælandsskóla

Markmið jafnréttisáætlunar Snælandsskóla er að stuðla að jafnri stöðu starfsmanna sem við skólann starfa og nemenda sem við skólann nema. Í sýn skólans segir að víska, virðing, vinsemd og víðsýni skulu höfð að leiðarljósi í skólastarfinu öllu. Í anda þessa skal fulls jafnréttis milli kynja gætt í Snælandsskóla.

Jafnréttissjónarmið skulu samþætt stefnumótunarvinnu skólans og stuðla þannig að því að jafnréttissjónarmið séu eðlilegur þáttur í skólastarfinu, hvað varðar starfsfólk, nemendur og í samstarfi við foreldra. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

Jafnréttisáætlun Snælandsskóla tekur mið af [jafnréttisstefnu Kópavogs](#).

Allt starfsfólk Kópavogsbæjar ber ábyrgð á að skapa andrúmsloft á vinnustað sem er laust við fordóma. Þá ber að virða rétt hvers og eins til þess að ræða eða ræða ekki heilsufar sitt, trúar- eða stjórnmálaskoðanir eða kynhneigð. Ástundun trúarbragða eða tjáning stjórnmálaskoðana má þó ekki trufla starfsemi á vinnustað. Mismunandi stjórnmálaskoðanir eða afstaða til trúarbragða á hverjum tíma hafi ekki áhrif á hvernig komið er fram við starfsfólk og nemendur.

Tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu bæjarins. Sérstaklega sé tekið mið af þörfum þess þegar þjónusta á vegum bæjarins er skipulögð. Veitt sé túlkþjónusta í viðtölum, t.d. hjá ráðgjöfum og í foreldrasamtölum, þegar þess er þörf.

Því er beint til starfsfólks skólans að hafa jafnréttis- og mannréttindasjónarmið að leiðarljósi. Fólk sem starfar með ungmennum ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti milli kynja. Þess skal gætt að námsefni mismuni ekki kynjum og endurspegli margbreytileika samfélagsins.

Í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum kynjum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna- eða karlastörf og að kynin séu búin jafnt undir ábyrgð og skyldur einkalífs og fjölskyldulífs, félagslífs og atvinnulífs.

Sjálfsstyrking verði sjálfsagður hluti náms á öllum skólastigum. Börnum og unglingum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynja- og staðalímynda. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglingum og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglunga. Fötun er ekki feimnismál og kennsluefni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið.

Gæta skal þess að mennta- og æskulýðsstarf taki mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og veita þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau fái notið þessa framboðs bæjarfélagsins til jafns á við önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins hljóti kynningu í starfi með börnum og ungmennum og þeim gefið tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál.

Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið ólíkrar kynhneigðar. Ólíkar kynhneigðir fólks sem og ólík kyn séu rædd kinnroðalaust og fræðsluefni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið.

Mikilvægt er að ekki sé gengið út frá því að allir aðhyllist sömu trú þó að hefðbundnar trúarhátíðir lútersku kirkjunnar séu haldnar hátíðlegar. Menning er til þess fallin að auðga líf einstaklinga og því mikilvægt að hún höfði jafnt til allra íbúa og að sem flestir séu þátttakendur.

Fræðsla

Nemendur eiga að hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi kynjanna. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningsfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á. Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.

Í tengslum við jafnréttisfræðslu til nemenda er vakin athygli á að samkvæmt íslenskum lögum, aðalnámskrá grunnskóla, samþykktum þingsályktunum og alþjóðlegum samningum eru íslensk stjórnvöld skuldbundin því að tryggja fræðslu um kynheilbrigði, mannréttindi og kynjajafnrétti í skólakerfinu. Undir það fellur m.a. kynfræðsla, fræðsla um hinsegin málefni, ofbeldisforvarnir og fræðsla um fordóma og mismunun. Það þýðir að nemendur eiga rétt á fá slíka fræðslu og að hafa gott aðgengi að upplýsingum sem málefnið varða. Að gefnu tilefni er vert að minna á að á Íslandi eru lög um kynrænt sjálfræði nr. 80 (2019) og kveða þau lög á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miða löginn þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar.

Fyrir frekari upplýsingar er hægt að skoða eftirfarandi:

- *Lög um ráðgjöf um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr.25 (1975)*
- *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr.150 (2020)*
- *Aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013)*
- *Þingsályktun 35/149 (2019) Aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess*
- *Þingsályktun 37/150 (2020) Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi*
- *Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi nr.210 (2011)*
- *Lög um kynrænt sjálfræði nr.80 (2019)*